



## Stjórnarfundur AKÍŠ

**Staður og tími:** Zoom - 16.Nóvember 2021 kl. 19:30

**Mætt:** Árni Gunnlaugsson (ÁG), Hanna Rún Ragnarsdóttir(HRR), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Baldvin Hansson (BH), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Einar Gunnlaugsson (EG)

**Fjarverandi:** Aron Steinn Guðmundsson (ASG) , Fylkir Jónsson (FJ)

HKS ritaði fundargerð.

---

### 1. Mál frá öryggisráði

Formaður sat fund með öryggisráði þann 10. nóvember þar sem var farið yfir ýmis öryggismál. Öryggisráð óskaði eftir að stjórn AKÍŠ setti í reglugerð um keppnishald að öryggisfulltrúi myndi senda stutta skýrslu eftir keppni.

Umræða fór fram varðandi tillögu ráðsins um að fá sjúkrafulltrúa með lágmarks menntun á alla viðburði í akstursíþróttum til að sinna fyrstu hjálp.

Persónulegur öryggisfatnaður keppenda var ræddur. Farið verður í herferð til að minna keppendur á að vera með FIA samþykktan öryggisbúnað og passa upp á að allur búnaður sem reglur kveða á um sé til staðar og í lagi.

### 2. Formannafundur

Formannafundur fer fram laugardaginn 20. nóvember kl. 11:00 . Farið var yfir dagskrá fundarins. Stjórn skiptir með sér verkum í þeim málum sem fyrir fundinum liggja.

### 3. Afhending meistaratitla

Vegna Covid 19 Stjórn ákvað að boða alla þá aðila sem hlutu tilnefninguna Akstursíþróttafólks ársins og veita þeim viðurkenningu ásamt því að tilkynna um kjör Akstursíþróttafólks ársins í lok formannafundar. Fundinn verður betri tími til að afhenda Íslandsmeistaratiltanna.

### 4. Umræður og samskipti AKÍŠ

Stjórn ræddi fundarsköp og samskipti innan stjórnar. Það er vilji stjórnar að mál séu afgreidd með formlegum og rekjanlegum hætti. Á fundinum fóru fram góðar samræður um hvernig það má best tryggja hverju sinni.

### 5. Team Spark - Styrktarbeiðni

Skrifstofu AKÍŠ barst erindi frá Team Spark með beiðni um styrkveitingu. Ekki er hægt að verða við þeirri beiðni þar sem regluverk AKÍŠ um styrkveitingar beinist allt að styrkjum til aðildarfélagana. Team Spark verður bent á að leita til akstursíþróttafélagana sjálfra um styrki.



**6. Forsetakosningar FIA**

Formaður upplýsti stjórn um kosningu til Forseta FIA sem fram fer þann 17. desember. Tveir frambjóðendur eru í kjöri og AKÍS á eitt atkvæði í þeim kosningum.

**7. Önnur mál**

Álit almennings á AKÍS - Það hefur borist í tal að AKÍS hafi á sér neikvætt almenningsálit. Stjórn mun skoða hvað er hægt að gera til að bæta ímynd sambandsins og hvort neikvæð ímynd sé afleiðing af einhverju sem hægt er að breyta eða laga.

**Fundi slitið kl. 20:58**

**Næsti fundur er áætlaður 7. desember í fjarfundi**